


# MONITOR




FRITT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

# ÖRAR VERÐBREYTINGAR ERU MERKI UM HEILBRIGÐA SAMKEPPNI.

OG TALANDI UM ÞAÐ: HVENÆR HALDIÐ ÞIÐ AÐ  
ATLANTSOLÍA HAFI KOMIÐ INN Á  
ÍSLENSKA OLÍUMARKAÐINN?



Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dæluylkillinn gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:



Tómas var óvart í Mr. Happy bolnum sínum þegar ljósmyndara bar að garði en er samt glaður maður og ber því bolinn með rentu.



## TÓMAS INGI

Fyrstu sex: 110287.  
 Upphaldsuppistandari á Íslandi: Jón Gnarr.  
 Upphaldsuppistandari: Louis C.K.  
 Upphaldsmatur: Pabbaréttur.  
 Upphaldsborg: Kaupmannahöfn.  
 Mottó: Þú drepur ekki dauðan fugl.

TÓMAS AÐ BÍÐA EFTIR SÍNUM HVÍTU GLERUAUGUM

## MBL SJÓNVARP

... mun sýna þrjá þætti frá keppninni og verður sá fyrsti sýndur þann 10. nóvember.

# Fagnaði þrátt fyrir tap

Uppistandið er í mikilli sókn hérlendis og því hefur keppnin **Fyndnasti maður Íslands** verið tekin upp á nýjan leik eftir að hafa legið í dvala frá 2007.

Aðstandendur keppinnar stóðu fyrir leik á Facebook þar sem þátttakendur gátu sett inn mynd af sér og safnað sem flestu fólki til að líka við myndina. Þeir tveir einstaklingar sem náðu flestum „lækum“ komast beint inn í undanúrslitakeppnina sem haldin verður eftir viku og sleppa því við áheyrnarprufurnar sem fara fram næstkomandi laugardag. Tómas Ingi Þórðarson leiddi keppnina á Fésbókinni lengi vel og var með nokkuð örugga forystu en Helga Haraldsdóttir átti gríðarlegan lokasprett og stóð uppi sem sigurvegari þegar klukkan sló tólf á miðnætti í gær. „Það voru gríðarleg vonbrigði að sigra ekki, sérstaklega í ljósi þess að ég var búinn að leigja Turninn í Firðinum þar sem voru samankomnir vinir og vandamenn og allir voru mjög sigurvissir.

En menn skemmtu sér mjög vel og aðalatriðið er að ég er kominn áfram,“ segir Tómas þegar ljóst var að hann hafði tryggt sér sæti á undanúrslitakvöldinu.

### Kann vel við sig á sviði

Áhugi Íslendinga hefur aukist mikið að undanförnu og eru 30 manns skráðir í keppnina þetta árið og þar af fjórar konur. En hvernig kviknaði áhugi Tómasar á því að byrja sjálfur að skemmta? „Hann kviknaði þegar ég var í Morfis í framhaldsskóla. Uppistand er ekkert mjög ólíkt því. Ég kunní vel við mig uppi á sviði og hugsaði að ég gæti fært þetta inn í uppistandið. Ég tók þátt í uppistandskeppninni á Prikinu í ágúst og þar fékk ég tilfellinguna fyrir því hvernig þetta virkar

og hvernig á að lesa í áhorfendur.“ Metnaðurinn hjá Tómasi hefur svo aukist frá frumraun hans á Prikinu. „Ég er farinn að pæla meira í þessu. Það má læra helling af frægasta íslenska uppistandinu. Ég var einu sinni nörd, og svo hef ég skoðað erlenda uppistandara og séð hvernig tæknin er í þessu. Mið-Ísland hafa auðvitað verið rosalega duglegir og ég hef fylgst mikið með þeim.“

Þó Tómas eigi eftir eina hindrun til að komast alla leið á úrslitakvöldið er hann samt farinn að huga að bröndurum fyrir bæði það kvöld og undanúrslitin. „En ef ég kemst ekki áfram þá get ég bara notað brandarana á einhverjum árs hátíðum. En ég vona að ég komist áfram og ég vona að fólk mæti og skelli upp úr.“

jrr

## Monitor mælir með

### FYRIR NETRÚNTINN

Nýverið opnaði íslenskur kvikmyndavefur sem kallaður er Svarthöfði á slóðinni www.svarthofdi.is. Á síðunni er og verður að finna heitustu fréttirnar úr kvikmyndabransanum, greinar og gagnrýni og ætti því að vera viðbót í vefrúnt kvikmyndaáhugamanna.



### Í BÓKAHILLUNA

Fráfall Steve Jobs er trúlega ein af fréttum síðasta mánaðar ef ekki ársins. Fyrir skemmstu var opinber ævisaga þessa merka manns gefin út sem vert er að lesa enda má ýmislegt læra af því að lesa um bakgrunn, störf og hugleiðingar álíka stórmenna. Til dæmis má þess geta að hann var ættleiddur, hann hætti í háskóla eftir aðeins eina önn, eins og flestum er kunnugt, auk þess sem hann lét hafa eftir sér fjöldann allan af fleygum setningum.



### Í GÖGGINN

Nú þegar skammdegið er svo gott sem skolið á er um að gera sér dagamun um helgar. Monitor mælir með því að fólk fari út í bakarí næstkomandi laugardag eða sunnudag og annaðhvort byrji daginn á mjúlkum rúnnstykjum eða japli á einum klassískum snúð um eftirmiðdegjið með svekkaldri kókjómjólk.



## Vikan á ...

### facebook



**Felix Bergsson** úff, erfiður þessi listalausi dagur.. 1. Nóvember kl. 10:33



**Kristmundur Axel** Nýtt líf byrjar á morgun, ræktin og hollusta kv sexy and you know it. 31. október kl. 13:54



**Simmi Vill** Er að spa í að saekja um auka-hlutverk í Game of Thrones her a landi! 30. október kl. 21:00



**Marta María Jónasdóttir** hefði þurft að vera með lífvörð á 101 í gærkvöldi ... 29. október kl. 10:18



**Auðunn Blöndal** Success and nothing less !! 28. október kl. 17:20

## Feitast í blaðinu

Fyrsti undanúrslitaþátturinn af **Dans Dans** fer fram næsta laugardagskvöld. >>>4

**Stíllinn fékk Mac** til að farða tvær fagar snótir til að sýna nýjustu línurnar. >>>6

**Þróstur Leó Gunnarsson** setur ný viðmið í orðagrini í LOL-mailli Monitor. >>>7

**Bubbi Morthens** fann ekki tengingu við lögin sín þegar hann söng á ensku. >>>8

**Auðunn Blöndal** fékk virkilega fallegt sms frá æfingafélaga sínum, Gillz. >>>18

## Efst í huga Monitor

# Forrablót á Smáratorgi

Það er virkilega gaman að fá viðbrögð við því sem maður gerir, alveg sama hvort þau séu jákvæð eða neikvæð. Auðvitað er það skemmtilegra þegar þau eru jákvæð en viðbrögð yfir höfuð sýna að einhver sýni því áhuga sem þú gerir.

Í síðustu viku ritaði ég stuttan pistil um tungumálið okkar eftir að íslenskufraeðingur hafði samband við mig og ræddi um enskuslettur sem finna má allt í kringum okkur. Í kjölfarið fékk ég sendan vefpóst frá konu sem þakkaði fyrir pistilinn og itrekaði hvað það væri merkilegt að við, þessi fámenna þjóð, ættum „fallegt og merkilegt mál sem þarf virkilega að berjast fyrir lífi sínu. Vopnið í þeirri baráttu er eingöngu okkar eigin metnaður og varðveisla tungumálsins.“

Í póstinum benti hún einnig á góð íslensk nýyrði eins og til að mynda forrit, tölva, sjónvarp og flakkari. Og af því að við eigum svona mörg vel heppnuð nýyrði skoraði hún á Monitor að smíða nýtt orð fyrir enska orðið

sem er að tröllríða landanum þessa stundina, orðið „app.“

Við hjá Monitor viljum alls ekki skorast undan þessu og ætlum því að bregða okkur í hlutverk mjólkurferrunnar þessa vikuna. Við erum komin með nokkrar hugmyndir að nýyrðum en vitum að hægt er að gera betur og hvetjum við ykkur til að senda okkur póst með ykkar uppástungum eða skrifa á fésbókina okkar.

App er stytting á enska orðinu „application“ sem á íslensku þýðir forrit, smáforrit eða hugbúnaður. Því liggur beinast við að stytta orðin sem við eigum til. Þannig gæti app verið forri, smári eða hugga. Einnig gæti „App Store“ orðið Smáratorg eða Forrablót. En þið getið betur, lesendur góðir. Boltinn er hjá ykkur.

Kveðja, Stefán Störf



# DANS DANS DANS #1

DWC

Dans dans dans fór af stað um síðustu helgi við góðar undirtektir landsmanna. Monitor tók púlsinn á keppendum fyrsta undanúrslitaþáttarins sem sýndur er í beinni á laugardaginn næstkomandi.



Á MYND VANTAR  
TÖRU SIF BIRGISDÓTTUR

## HÓLMFRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR

**Aldur:** 23 ára.  
**Staða:** Nemi í lögfræði í við HÍ og danskennari í World Class.  
**Reynsla af dansi:** Samkvæmisdansari frá sjö ára aldri, margfaldur Íslands- og Norðurlanda-meistari í þeim geira og hefur lært jazz-ballett, hip hop og fleiri dansstíla ásamt því að kenna.  
**Dansstíll:** Jazz/hip hop.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Grease.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Eitthvað gott með Beyoncé.  
**Markmið í keppninni:** Markmið hópsins er að fá einhvern sem er að horfa á þáttinn heima hjá sér til að tengja einhverjar tilfinningar við dansinn okkar.

## THOMAS DARIO BARDALES ARAUJO

**Aldur:** 20 ára.  
**Staða:** Nemi.  
**Reynsla af dansi:** Sjálfærður úti á götu.  
**Dansstíll:** Krump.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Stomp the Yard.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Eitthvað með J-squad.  
**Markmið í keppninni:** Ég er í þessu til að vinna og kynna dansinn minn betur.



THOMAS

## HARPA ÆGISDÓTTIR

**Aldur:** 27 ára.  
**Staða:** Starfsmaður Golfklúbbs Reykjavíkur.  
**Reynsla af dansi:** Ég hef verið í djassballett, nútímadansi og síðan 2007 hef ég dansað boogie-woogie, swing, rokk og ról og lindy hopp.  
**Dansstíll:** Lindy hopp.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Grease.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Partyrock Anthem með LMFAO.  
**Markmið í keppninni:** Er það ekki bara að vinna?

## EPSOM



## ELÍN SIGNÝ WEYWADT

**Aldur:** 20 ára.  
**Staða:** Nemi í LHÍ.  
**Reynsla af dansi:** Var í fimleikum í átta ár, JSB í eitt ár, Listdanskóla Íslands í þrjú ár og er nú á öðru ári í LHÍ.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Saturday Night Fever.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Footloose.  
**Markmið í keppninni:** Að hafa gaman af þessu og auka áhuga íslensku þjóðarinnar á dansi.



HARPA OG SCOTT

## ÞÓREY BIRGISDÓTTIR

**Aldur:** 17 ára.  
**Staða:** Nemi á listdansbraut í MH.  
**Reynsla af dansi:** Byrjaði í fimleikum 3 ára, hefur verið í Ballettskóla Eddu Scheving, Jazzballettskóla Báru, sótt dansnámskeið erlendis og er nú í Listdanskóla Íslands ásamt því að dansa og leika í Galdrakarlinum í Oz.  
**Dansstíll:** Nútímadans og klassískur ballett.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Mao's Last Dancer.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** Ég dilla mér við alla tónlist.  
**Markmið í keppninni:** Að sigra.

## SIGURÐUR ÞÓR SIGURÐSSON

**Aldur:** 21 árs.  
**Staða:** Starfsmaður T.G.I. Friday's, Iðnó og Pisa.  
**Reynsla af dansi:** Æft samkvæmisdans í níu ár og margfaldur Íslandsmeistari í sínum flokki.  
**Dansstíll:** Samba.  
**Uppáhaldsdansbímynd:** Michael Jackson-tónleikar 2004 sem ég man ekki alveg hvað heita.  
**Lagið sem fær mig alltaf til að dilla mér:** My First, My Last, My Everything með Barry White.  
**Markmið í keppninni:** Það er bara eitt í stöðunni, það er að vinna keppnina og vinna hjórtu landsmanna.



SIGGI OG HANNA



ÞÓREY

# FLORIDANA VÍTAMÍNSAFI

Floridana Vítamínsafi er blanda af ávöxtum og paprikum, full af vítamínum frá náttúrunnar hendi.\*

- A** A-vítamín er nauðsynlegt fyrir sjón, húð og starfsemi ónæmiskerfisins.
- C** C-vítamín er talið efla ónæmiskerfi líkamans og tryggja að það starfi eðlilega við áreynslu.
- E** E-vítamín er mikilvægt andoxunarefni sem verndar frumur og er nauðsynlegt fyrir starfsemi taugakerfisins.

Hugsaðu um heilsuna og drekktu Floridana Vítamínsafa.

\* 50% ráðlagður dagsskammtur af A-, C- og E-vítamínum í 330 ml

Eingöngu  
náttúruleg  
A-, C- og E-  
vítamín



**Floridana**  
LIFDU VEL!



FUSION PINK VARALITUR

NEO-ORANGE PIGMENT

ANGEL FLAME AUGNSKUGGA-PALLETTA

LIGHTSCAPADE MINERALIZE SKINFINISH

# Nýjar línur hjá MAC

**Stíllinn** heimsótti snyrtivörubúðina **MAC** og spjallaði við **Maríu Guðvarðardóttur** um nýju línurnar hjá þeim fyrir haustið. **Harpa Káradóttir** förðunarfræðingur hjá MAC farðaði tvö módel fyrir okkur, þær **Helgu** og **Eddu Óskars** frá **Eskimo**.

Í haustförðuninni í ár, líkt og yfirleitt gerist á haustin, koma inn dekkri litir sem einkenna þennan tíma. Djúprauðir og plómulitaðir varalitir, grá-brúnir tónar á augum og „eyeliner“ í öllum formum. Nú þarf ekki að fylgja þeirri reglu, mikið á augum, lítið á vörum og öfugt, leikið ykkur með förðunina, sami litur á „smokey“-augum og varalitir er alveg málið núna í haust.

Það sem gerir haustið skemmtilegt og öðruvísi eru „pop up“-litir sem koma í bland við dökku litina, gefur krydd í tilveruna og lífgar upp á „lookið“.

**Fall Colour Collection**-lína frá MAC er mjög skemmtileg og litrík í bland við haustlitina. Þessi lína kom í takmörkuðu upplagi og ætti enginn að láta hana framhjá sér fara.

Ljósmyndarinn og listakonan Cindy Sherman á heiðurinn af ljósmyndum fyrir þetta „collection“.

Hér sýnir hún á skemmtilegan hátt hvað „make up“ getur umbreytt manneskju í hvaða karakter sem er.

Cindy Sherman er ein af þekktustu listamönnum okkar tíma og er hún þekktust fyrir portrettmýndir sínar þar sem hún er viðfangsefnið og breytir sér í hinar ýmsu persónur.

Hér eru haustlitirnir í allri sinni dýrð í bland við neonbleika, skærgræna, sæbláa og karrýgula liti sem ná að poppa upp útlitið, birta yfir augunum og gerir þetta allt miklu líflegra og skemmtilegra.

**Posh Paradise**-lína frá MAC er algjört haust, átta nýir Paint Pot-augnskuggar og Mattenevaralitir sem endast allan daginn á vörum.

Paint Pot þekja margar konur, þetta er hinn fullkomni grunnur undir aðra augnskugga en fallett er að nota þá líka eina og sér með fallegum „eyeliner“ og geggjúðum varalit.




VIOLET PIGMENT

SHOCK-A-HOLIC AUGNSKUGGI


DELICIOUSLY FORBIDDEN MATTENE VARALITUR

PINK FADE LIPGLOSS

HIGH DEF CYAN CHROMAGRAPHIC BLÝANTUR




MÓDEL: EDDA ÓSKARS



MÓDEL: HELGA

# allt&ekkert



## HVAÐ ER TÍTT?

**Nafn:** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir  
**Á forsíðu:** 1. apríl 2010  
**Fyrirsögn viðtals:** Fólk tekur mig meira alvarlega

Nýlega hélt ég tónleika til heiðurs Evu Cassidy og viðtökunum gleymi ég aldrei. Það voru einhverjir töfrar í loftinu. Eitt uppáhalds verkefni mitt þessa dagana er ný blús-hljómsveit, Blúsband Jóhónnu Guðrúnar og Elvars en við spilum á Græna Hattinum 12. nóvember. Í janúar flyt ég til Noregs með kærastanum mínum en ég ætla að spreyta mig á tónlistarmarkaðnum þar. Þaðan er ekki langt til Svíþjóðar, þar sem mér hefur gengið best með mína tónlist. Jólátörnin er ekki langt undan og undirbúningur fyrir hana að fara af stað. Ég er að spila með Jólagestum Björgvins, Gospelkór Filadelfíu og á tónleikum með Bjössa Thor og fleirum í Digraneskirki. Það gleður mitt litla hjarta að geta lagt mitt af mörkum fyrir málleysingjana en ég er ein af þeim sem koma fram til að leggja þessu málefni lið næstkomandi fimmtudag til að styrkja Kattholt.



## LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson  
til Pröstur Leó Gunnarsson  
dagsetning 28. október 2011 16:26  
titill LOL-mail Monitor

Blessaður Pröstur Leó

Hann Sveppi skoraði á þig svo nú er að sjá hvort hann sé að veðja á réttan hest. Ég vona alla vega að þú sért fáránlega myndinn.

Svo máttu skora á næsta aðila líka.

Kærar þakkir og góða helgi.  
Bestu kveðjur, Jón Ragnar

Blessaður Jón,

Hérna koma brandararnir.

Það voru einu einu sinni hjón sem eignuðust tvíbura - strákur og stelpu - strákurinn var skírður Jóhann og stelpa Jóhún.

Hvað er AB? Ég held að AB-C-D (orðaleikur)

Er Anthony Hopkins eða kvenkyns? Er típpið á Hugh Grant eða feitt?

Ég skora á Halldór Gylfa.

Bestu kveðjur, Pröstur Leó



## Fimmta platan beint í fimmta sæti

Hinir geysivinsælu fjórmenningar í Coldplay stökkva beint upp í 5. sæti á Tónlistanum með nýjustu hljóðversebreyðskífu sinni, Mylo Xylo, ásamt því að eiga lagið Paradise í 4. sæti Lagalista. Í lok október var tónlistarmyndband lagsins Paradise gefið út en það hefur vakið athygli ekki síst vegna þess að í myndbandinu eru meðlimir hljómsveitarinnar klæddir í filabúninga. Það verður spennandi að sjá hvort platan stökkvi upp um einhver sæti í næstu viku en platan hefur fengið blendin viðbrögð gagnrýnenda eins og sjá má hér: **The Guardian:** 3/5. **The Independent:** 2/5. **NME:** 5/10. **Rolling Stone:** 3,5/5.

Lagið Paradise er önnur smáskífan af plötunni en sú þriðja var gefin út svo gott sem samhlíða plötunni og heitir Princess of China. Það lag er einkum merkilegt fyrir þær sakir að söngdívanna Rihanna ljær þeim Coldplay-liðum rödd sína í því og syngur á móti Chris Martin og er útkoman afar áhugaverð. Lesendur Monitor eru hvattir til að láta mat gagnrýnenda stýra sér ekki um of heldur kynna sér plötuna sjálfir og mynda sér skoðun á eigin forsendum.



## ELTI HRELL IRINN



**Gunnar Sigurðarson**  
@gunnarsigur Reykjavík, Snæfellsnesi  
Flauta þetta af!

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Segi það ekki oft en Víkingur Reykjavík er stórveldi í borðtennis. Ég missi oft vatn en fjandinn það er stöðugur leki mbl.is/sport/ fotbolti... #GvendurSteph  
25. október kl. 11:01

**beginjapan8** Hilmar Thorlindsson @gunnarsigur Þetta kemur auðvitað flestum í opna....Dímon var mun sigurstranglegra fyrir þessa viðureign!  
25. október kl. 12:23

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson @beginjapan8 Já vá, ég hefði sett 1200 kr. á að Hvolsvöllur myndi rúlla þessu upp. Sveitarfélagið lætur nýbura fá kúlu og spaða í vöggugjöf.  
25. október kl. 13:11

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Mér líður illa yfir ósætti stjórnar Grindavíkur. Meðvirkinn hefur heltekið mig. Ég ætla að stúta nokkrum hvítvinsflöskum.  
#blessaðurGaddafi  
25. október kl. 14:54

**MagnsA** Magnús Agnarsson @gunnarsigur Kannski leyfir nýi formaðurinn þér að ausa hvítvíni

í þig á leikjum næsta sumar!  
#grindavík #steinistuð #kóngurinn #fótbolti  
25. október kl. 17:14

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Um 50 hafa sótt um stjórnastöðu Portsmouth. Grindvíkingar þurfi samt ekkert að hlanda í sig af streitu. #streituválduróvissanferiHermannH  
26. október kl. 15:11

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson @MagnsA héðan í frá mun ég ekki Grindvíkingast án þess að fá mér duglega í hvíta tanna mína litlu, samt karlmannlegu ef #útiþaðerfarið  
26. október kl. 15:48

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Ég bara get ekki verið glaðari með þessa ráðningu hjá BÍBÍ. Það er svo fallett að dúbbil-kjöldraga svona saklausa pílta. #Víkinger-Ólafsvík  
27. október kl. 13:45

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Var að kenna drengjunum mínum litlu syngja "I'd rather fuck a bucket with a hole in it, than be a Millwall fan for just 1 minute"

#Ipswich  
29. október kl. 10:22

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Úrvals laugardagur í gær. Var saurgaður af Millwall um miðjan dag, var saurgaður af Kexverk-smíðjunni og Dansdanz um kvöldið. #Heróinogmeóí  
30. október kl. 09:23

**siggihaff** Sigurður Hafþórsson @gunnarsigur hefurðu ekki áhuga á körfubolta? Það þarf nauðsynlega að innleiða maður lifandi frasann inni körfuboltaheiminn #vantarumfjöllun  
30. október kl. 20:42

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson @siggihaff körfukastið er fint, döldið stórir karlmenn samt og kannski full margar línur á vellinum. Annars er ég mjög góður, nóg að gera #!  
31. október kl. 9:09

**gunnarsigur** Gunnar Sigurðarson Ef ég væri samkynhneigður VíkingurR þá er Hjóssinn meira til frambúðar en Takefúsinn meira vóhvaðaruglvarígangkvöldtaktusushíðúrmérstrákur  
1. nóvember kl. 13:22



## Í síma í tíma og ótíma

Það er löngu orðið þekkt að taka símann með sér hvert sem er, hvenær sem er, jafnvel inn á baðherbergi. Þökk sé The Joy Factory RainBallet er nú hægt að taka iPhone með sér í sturtuna því þeir hafa sett á markað vatnshelt hulstur fyrir iPhone 4 símana. Svokölluð Intelli-sía hindrar það að vatn nái til símans án þess þó að hafa áhrif á hljóðið og því er hægt að hlusta á það sem eyrun þrá að heyra í sturtunni. Þannig er áhyggjulaust hægt að taka símann með sér á ströndina, á sundlaugarbakkann og taka myndir eða myndbönd á símanni í kafi. Nú þurfa hlauparar ekki að hafa áhyggjur af því að eyðileggja símana vegna útgufunar og eins má senda smáskilaboð í rigningu. Ennfremur þarf ekki að gráta dýra símann sinn ef hann dettur óvart í klósettið eða ef vinirnir koma þér að óvörum og hrinda þér í heita pottinn uppi í sumarbústað.



## TÓNLISTINN

Vikan 27. október - 3. nóvember 2011

- 1 **Mugison** Haglé
  - 2 **Of Monsters And Men** My Head is an Animal
  - 3 **Björk** Biophilia
  - 4 **Lay Low** Brostinn strengur
  - 5 **Coldplay** Mylo Xylo
  - 6 **Quarashi** Anthology
  - 7 **Tom Waits** Bad As Me
  - 8 **Gus Gus** Arabian Horse
  - 9 **Jón Jónsson** Wait For Fate
  - 10 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Ég vil fara uppi sveit
- Sólstafir Svartir sandar  Adele 21  
 HAM Svík, harmur og dauði  Hjálmar Órar  Sóley We Sink  Valdimar Undraland  Úr söngleik Borgarleik-hússins Galdrakarlinn í Oz  Skálmöld Baldur  Björk Gling gló  Páll Rósinkranz Ó hvílik elska  Greifarnir Fyrstu 25 árin  Úr söngleik Hárið  Árstíðir Svefns og vöku skil  Helgi Björns & reiðmenn vindanna Þú komst í hlaðið  Ýmsir 100 vinsæl barnalög  Einar Scheving Land míns föður  Bubbi Ég trú á þig  Rökkurró í annan heimp  Helgi Björns & reiðmenn vindanna Ríðum sem fjandinn  FM Belfast Don't Want To Sleep

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinn viku í verslunum Skífunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## LAGALISTINN

Vikan 27. október - 3. nóvember 2011

- 1 **Of Monsters And Men** King and Lionheart
  - 2 **Adam Levine / Christina Aguilera** Moves Like Jagger
  - 3 **Hjálmar** Ég teikna stjörnu
  - 4 **Coldplay** Paradise
  - 5 **Mugison** Kletturinn
  - 6 **Lady Gaga** You And I
  - 7 **Elín Ey / Pétur Ben** Þjóðvegurinn
  - 8 **Goyte / Kimbra** Somebody I Used To Know
  - 9 **Jón Jónsson** Wanna Get In
  - 10 **Mugison** Stingum af
- Snow Patrol Called Out In The Dark  
 Lay Low Brostinn strengur  LMFAO Sexy And You Know It  Foster The People Pumped Up Kicks  Rihanna / Calvin Harris We Found Love  Of Monsters And Men Little Talks  Bruno Mars Marry You  Bubbi Morthens Slappaðu af  Lana Del Ray Video Games  Sóley Smashed Birds  David Guetta / Usher Without You  1860 Orðsending að austan  Ed Sheeran The A Team  Bang Gang / Bjarni Þór Bloodshot Eyes  Ourlives Blissful Ignorance  Jón Jónsson Always Gonna Be There  Quarashi Beat'em  Gym Class Heroes / Adam Levine Stereo Hearts  Rihanna Cheers (Drink To That)  Valdimar Brotlentur

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiluðu lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.

# Gamli Bubbi hefði hjólað í nýja Bubba

Bubbi er einn farsælasti tónlistarmaður Íslands en bestu viðurkenninguna fékk hann á Litla-Hrauni. Hann skynjar tilveruna í litum og segir það hollt að skipta um skoðun.

Texti: Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
Myndir: Góll

einarm@monitor.is  
goll@mbl.is

Bubbi Morthens hefur brugðið sér í ýmis hlutverk á löngum ferli og snert nánast allar tónlistarstefnur sem um getur. Hann segir að ef hann hefði staðnað í einni stefnu sem tónlistarmaður væri hann löngu dauður. Hann segir að hann upplifði það svo að tónlistin hafi eignast heimili í honum í móðurkviði og hafi því alla tíð verið það eina sem kæmi til greina fyrir hann að starfa við. Ef hann ætti að prófa eitthvað annað í dag segir hann að fornleifa- eða bókmenntafræði yrði fyrir valinu. Þótt ferill Bubba hafi verið mikil þrautganganga hafa trúlega fáir upplifað jafnmikla velgengni, en af hverju er hann stoltastur? „Edrúmennsku minni, fæðingu barna minna og að hafa fundið ástina mína, Hrafnhildi,“ svarar hann án þess að hika.

## Hvernig er hinn dæmigerði dagur í lífi Bubba Morthens?

Ég er dálítill rútínukarlar. Ég vakna klukkan fimm, hálf sex og byrja að skrifa. Ég skrifa til klukkan sjö en þá vaknar fjölskyldan og þá fer ég að stússast með henni þangað til ástin mín fer í vinnuna og börnin fara í leikskóla. Þá fer ég í galla, vef á mér hendurnar og fer út í bílskúr og boxa tíu lotur ef það er mánudagur en lyfti og boxa fjórar lotur ef það er þriðjudagur og svo hjóla ég í níutíu mínútur og horfi á bíómynd á meðan. Að því loknu bý ég mér til „boozt“ og fer í gufu, fer inn og skrifa meira til klukkan fjögur. Ég er þá aðallega að skrifa texta ásamt hinu og þessu.

## Ert þú kallaður Ásbjörn af einhverjum? Hvaðan kemur Bubba-nafnið?

Já, af fíkniefnalögrelgunni og yfirvaldinu. Jakob Frímánn á það til að kalla mig Ásbjörn en ég held að það sé nú bara vegna þess að hann ólst upp hjá afa sínum á Akureyri sem var kaupfélagsstjóri og mjög fornlegur, þetta eru einhverjar leifar af því (hlær). Ég er skírður í höfuðið á Ásbirni Ólafssyni, heildsalanum sem flutti inn Prins Póló, og hann var líka kallaður Bubbi. Bubba-nafnið var gælunafn sem mamma mín byrjaði á. Ég tengi mig alfarið við Bubba en ég næ ekki fullri tengingu við Ásbjörn.

## Þú sagðir við mig áðan að nafnið mitt væri silfrað. Hvernig er nafnið þitt á litinn?

Bubbi er gullur. Ég sé allt í litum, það er alveg sama hvað það er. Tónar, lög, orð, hljóð, þetta eru allt litir og hafa verið það síðan ég man eftir mér. Mér skilst að það séu hundrað Íslendingar sem eru með samskynjun, þetta er kallað þetta. Þetta getur víst líka orðið fötlun en ég tengi þetta við sköpun. Ég á mjög auðvelt með að búa til tónlist og semja meðal annars út af þessu.

## Þú ert hálfdanskur og átt líka ættir að rekja til Noregs. Berð þú taugar til þessara landa?

Ég er einn fjórði Íslendingur, einn fjórði Norðmaður og hálfur Dani en svo er ég Skoti, Spánverji og það er rússneskt í fjölskyldunni líka. Ég er dálítill kokteill. Danmörk er móðurlandið mitt, það er bara þannig. Þegar ég kem til Danmerkur fæ ég sömu tilfinningu og þegar ég kem til Íslands, ég er kominn heim. Ég á fjöðurland sem er Ísland og móðurland sem er Danmörk.

## Þú söngst viðlagið í einu vinsælasta lagi sumarsins, Úlfur úlfur, þar sem þið Berndsen leiddud saman hesta ykkar. Hvað finnst þér um það lag?

Það lag er helvíti gott. Ég fór meira að segja dálítið til baka sjálfur í „eitiúfiling“ við það að syngja það, setti mig í þannig stellingar. Þessa rödd og þennan hljóð notaði ég dálítið með Egóinu frá svona '82 til '84. Þessi tónlist er fyrst og fremst danstónlist og höfðar til fótanna og alls þess en það er líka ákveðin tegund af list. Berndsen er frábær, hann er jákvæður og skemmtilegur. Hann er ekki besti söngvarinn á sviði (hlær) en það er rosa gaman að vinna með honum og hann er klár.

## Fylgist þú grannt með gangi mála í þeirri tónlist sem er vinsæl hérlendis þessa stundina?

Já, ég er til dæmis búinn að vera að hlusta dálítið á Of Monsters and Men. Þau minna mig dálítið á hluti sem ég var að gera á plötu sem heitir Sögur af landi. Ef þú myndir hlusta á hana þá heyrðir þú lygilegan samhljóm, á mjög fallegan máta. Þegar ég heyrði þetta fyrst hugsaði ég: „Vá, þau eru búin að vera að hlusta á Sögur af landi“, sem ég þó býst ekkert við að þau séu búin að vera að gera (hlær). Ég er mjög hrifinn af Of Monsters and Men, það er ákaf

í þeim sem mér finnst mjög áhugaverður. Svo er aragrúi af listamönnum hér en þeir sem grípa mig og fá mig til að staldra við, það eru oftast þeir sem syngja á íslensku. Án þess að við Mugison séum tónlistarlega líkir þá finnst mér ég stundum vera að hlusta á smá gamlan Bubba þegar ég hlusta á hann. Hann hefur þessa einlægni og ég er rosalega hrifinn af nýju plötunni hans, Haglé. Þetta er besta platan hans.

## Það vita allir að áður fyrr varst þú í töluverðri óreglu. Hvernig leiddist þú út í slíkt á sínum tíma?

Ég er fæddur fikill, er bara genétískur fikill. Í báðum ættunum mínum, þeirri dönsku og íslensku, er að finna mjög svæsinn alkóhólisma. Ég var farinn að leita mér að breyttu ástandi mjög snemma, ég fór mjög ungur að finna lausn á vanlíðan minni. Lausnin var eitruyfjanotkun en sú lausn virkaði bara í skamman tíma. Þegar það hætti þá stóð ég bara frammi fyrir því að verða annaðhvort geðveikur og deyja eða reyna að fá aðra lausn í líf mitt og sú lausn var að finna hjá samtökum sem heita SÁÁ, sem hafa bjargað lífum þúsunda. Af þessu fékkst auðvitað reynsla fyrir dálítið dýrt verð en engu að síður tel ég mig vera víðsýnni og kannski öðruvísi þenkjandi heldur en hinn almenni maður, kannski vegna þess að ég slapp úr þessum brimgarði. Ég held að enginn ætli sér að verða alkóhólisti eða fikill, það leggur það enginn á sig því þetta er helvíti.

## Hvernig sigraðist þú nákvæmlega á þessu?

Ég vaknaði bara um miðja nótt 11. febrúar árið 1996 og hugsaði að nú væri komið nóg, ég veit ekkert hvað gerðist. Ég tók út svona „cold turkey“, gekk inn á göngudeild hjá SÁÁ í Síðumúla, fór í ræktina og æfði eins og „moder-fökker“ og var fárveikur í þrjár vikur. Ég tel mig vera að ná núllpunktinum í dag. Ef einhver heldur að kannabisefni séu ekki skemmandi, þá fer sá villur vegar. Ég dýrkaði kannabis og átti bækur um sögu og lækningamátt hassins og grassins. Þetta voru guðirnir mínir en ef það er eitthvað efni sem fór illa með mig, og ég finn fyrir töluverðum skemmdum í dag, þá er það kannabis. Ég trúði að það hefði engin áhrif en efnið hefur gífurleg áhrif á allt sem heitir geð og þá er ég að tala um gleði, þunglyndi og færni til að takast á við hluti. Þetta er skaðræðishelvíti.

Það var hárfín lína milli þess að ég varð tónlistarmaður á meðan að allir vinir mínir fóru á Litla-Hraun, eitt högg á vitlausan stað og ég hefði getað drepið mann.

## Þú hefur, eins og margir, farið aðeins út fyrir landsteinana með tónlistina þína. Var planið einu sinni að meika það úti í heimi?

Já, það var algjörlega planið þangað til að ég áttaði mig á því að ég var rótarlaus. Ég var einu sinni með lag á topp tíu lista að sumri til í Svíþjóð, en sá listi er mjög erfður því þá eru allir að dæla inn slögurum. Lagið mitt klifraði upp, ég var að spila á fullu með vinsælastu tónlistarmönnum Svíþjóðar og mér stóðu allar dyr opnar. Einhvern tímann var ég að opna tónleika í tívolfinu í Gautaborg. Þar voru 20 þúsund manns og ég kom inn á sviðið, byrjaði að spila lag sem var á ensku og fann strax að það vantaði eitthvað. Síðan byrjaði ég að spila lagið Skapar fegurðin hamingjuna á ensku og það byrjuðu allir að syngja með, það kunnur þetta allir. Þegar ég kom baksviðs þá var umboðsmaðurinn alveg himinlifandi, við kláruðum túrinn í Gautaborg og ég fór til Kaupmannahafnar að ná í hass. Síðan var ég að reykja með röturunum á leið til Finnlands og þá allt í einu hugsaði ég: „Vá, ég nenni þessu ekki.“ Ég sagði við einn þeirra að ég væri ekki að ná neinu sambandi við lögin mín og það var þá sem ég fattaði að sumum er ætlað eitthvað, fékk enga gleði. Lögin hljómuðu vel en það vantaði sannleikann í þau, þetta var rosa skrytið. Ég fattaði að það var vegna íslenskunnar, ég gat ekki gert á ensku það sem ég gerði á íslensku. Auðvitað langaði mig í frægð og eignast peninga en hvað á maður að ganga langt í því að fara frá sjálfum sér bara fyrir svoleiðis? Mér þótti þetta mjög erfitt og stundum hef ég

## HRAÐASPURNINGAR

Fyrstu sex: 060656.

Uppáhaldsmatur: Allt sem tengist gamaldags íslensku lambi og indverskum og pakistönskum mat.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Þar sem ég er með börnum og konunni minni.

Uppáhaldslag úr eigin smíðju: Ekkert.

Uppáhaldstónlistarmaður: Þeir eru margir. Bob Dylan, Neil Young, Bruce Springsteen, Tom Waits, Nick Cave, Dolly Parton, Marlene Dietrich, Edith Piaf o.s.frv.



hugsað „hvað ef?“, en svo þegar ég heyr þessi lög þá veit ég að ég gerði rétt.

## Setur þú einhvern tímann Utangarðsmenn á fóninn?

Nei, en ég heyr þessi lög stundum í gegnum börnin mín, þau eru dálítið að uppgötva mig núna. Ég var reyndar með afmælisútgáfupakkann minn í bílnum í dálitinn tíma og þá var ég oft rosa hissa yfir þessum lögum og hugsaði: „Vá, hvernig fór ég að þessu? Helvíti er þetta gott lag.“ Ég er rosalega stoltur af því sem ég hef gert en þetta er misgott. Sumt þykir mér frábærlega gott, þó ég segi sjálfur frá en annað fær mig til að hugsa: „Andskotinn Bubbi, ef við hefðum nú aðeins getað reykt minna þarna eða gert eitthvað annað“, en þannig er lífið.

## Þegar þú varst á þessum stað í lífinu, hefði þér einhvern tímann dottið í hug að þrjátíu árum seinna yrðir þú dómari í keppni eins og Idol eða útvarpsmaður á Rás 2?

Nei nei, mér hefði ekki einu sinni dottið í hug að ég færi í meðferð eða að ég myndi labba í burtu frá góðum slagsmálum (hlær). Ég var gríðarlega reiður maður, með svakalegt „attitúd“ og stútfullur af ótta. Það er hættuleg blanda. Ég var hræddur við sjálfan mig og lífið, hafði alist upp við alkóhólisma og lent í miklu einelti í skóla, síðan var ég skriftblindur sem aftraði mér í námi svo ég var gangandi tímasprengja. Það var hárfín lína milli þess að ég varð tónlistarmaður á meðan að allir vinir mínir fóru á Litla-Hraun, eitt högg á vitlausan stað og ég hefði getað drepið mann. Bara það að ég myndi eignast Armani-skyrtu eða BOSS-jakkaföt hefði verið fáránleg tilhugsun, ef sá Bubbi hefði hitt þennan Bubba þá hefði hann sennilega hjólað í hann. Það er galdurinn við lífið. Að skipta um skoðun er hlutur sem ég tel gríðarlega hollan, og að koma sjálfum sér jafnvel á óvart. Ég hef verið ófeiminn við það að skipta um skoðun og fá áhuga á þessu og stimpla mig út úr hinu. Kannski er það parturinn af pönkaranum í mér. Oftan en ekki lendi ég á móti strauminn en ekki með, kannski er það eðli mitt, ég veit það ekki. Allavega veit ég það að ef einhver hefði komið upp að Bubba árið 1980 til 1982 og sagt: „Ég sé fram í framtíðina, veistu hvernig þú verður árið 2011?“ þá hefði ég bara rotað viðkomandi og sagt honum að reyna þetta við annan, ég hefði aldrei trúað því.

## Þú ert stundum nefndur „Kóngurinn“. Hvernig kannst þú við viðurnefnið?

Maður leiðir þá hjá sér, ég er búinn að heyra þetta í tuttugu eða þrjátíu ár, Bubbi kóngur. Þegar fólk segir: „Nú, kóngurinn mættur“ þá finn ég vott af virðingu og þá þykir mér vænt um það en auðvitað kítlar þetta líka hégómann.

## Sem áberandi persóna í þjóðfélaginu í gegnum árin hefur þú oft verið tekinn fyrir í Áramótaskaupinu og fleira grínefni. Hver finnst þér ná þér best?

Mér finnst Ari Eldjárn ná mér ferlega vel og svo nær Hjálmar Hjálmarsson mér rosalega í svona útliti og tóktum. Þegar ég sé hann hugsa ég stundum bara: „Vá, hvað er í gangi?“. Það eru margir búnir að spreya sig á mér en þessir tveir standa upp úr. Ég gæti hugsað mér að mæta á tónleika, vera með Ara með mér og láta hann þykjast fyrir framan salinn og vera síðan bara baksviðs og sjá hvernig salurinn tekur því. Það mætti taka ýmsa vinkla á þetta. Hann er rosa góður, var með mér á Litla-Hrauni á aðfangadag í fyrra og brilleraði.

## Hefur þú íhugað að rukka Ara Eldjárn um einhvers konar stefgjöld fyrir eftirhermu hans á þér?

Já, við höfum haft orð á því (hlær). Hann skuldar mér allavega feitan tækka.



||| Þetta er seinasti dagur orgíunnar, þá er búið að vera að nauðga jólanum út í eitt og flestallir einhvern veginn búnir að blóðrúnka þeim.

viðtalið

**Hvers vegna spilar þú alltaf á Litla-Hrauni á aðfangadag?**

Í gamla daga byrjaði þetta þannig að ég var í raun bara að spila fyrir vini mína á Litla-Hrauni. Svo trúði ég á karma og er mjög sjálfhverfur maður. Ég þarf að beita mig gífurlegum aga til að stíga út úr naflanum á mér. Ég er ekkert að fela það, það er bæði styrkleiki og veikleiki. Ég tók ákvörðun fyrir mörgum árum að vera dýr í brúðkaupum en rukka aldrei fyrir jarðarfari og ég hef alltaf spilað frítt í þeim. Sama er þegar ég kom á Litla-Hraun fyrst og vinir mínir voru þarna, einn þeirra var þarna í tuttu og eitthvað ár, ég hélt alltaf áfram að koma. Ég uppgötvaði einn daginn að þetta gerði mér gott alveg eins og þetta gerði þeim gott. Í dag eru engin jól öðruvísi en að ég fari á aðfangadag og spili, ég er búinn að fara þarna í 26 ár. Þetta verður hefð svo lengi sem ég kemst hjálparlaust á Litla-Hraun.

**Í sumar bjargaðir þú Hugleiki Dagssyni með því að biðla til þjófa að skila ómetanlegum gögnum hans sem þeir höfðu stolið. Höfðar þú svona vel til ógæfumanna?**

Ég hef fengið margar viðurkenningar um ævina en ég hef fengið tvær viðurkenningar sem mér finnst meiri virðing fólgin í en öðrum. Þær eru tvö teiknuð og skreytt veggspjöld með undirskrift allra fanga á Litla-Hrauni sem ég fékk í afmælisgjöf. Það segir meira en mörg orð, það segir líka að ég á stað í hjörtum þeirra. Kannski á ég öðruvísi möguleika á að nálgast þetta fólk en margur annar og kannski er það vegna þess að menn skiluðu þessum gögnum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svona gerist en mér þótti gífurlega vont um þetta enda er Hugleikur frábær listamaður.

**Í kringum jól heldur þú líka alltaf stóra tónleika á Þorláksmessu. Hvernig eru þeir öðruvísi en aðrir tónleikar?**

Þeir eru ekkert öðruvísi en aðrir tónleikar. Það er hins vegar þessi dagur sem er aðeins öðruvísi en aðrir dagar. Þetta er seinasti dagur orgiunnar, þá er búið að vera að nauðga jólnum út í eitt og flestallir einhvern veginn búnir að blóðrunka þeim. Þorláksmessan fyrir mér var einu sinni alltaf hugsuð sem árshátíðin mín, ég er einmana maður með gítar og ég gat ekki haldið árshátíð einn svo þá datt okkur í hug að halda svona tónleika árið 1985 á Hótel Borg. Þá var þetta hugsuð sem lokahnykkurinn á árinu hjá mér, því ég spila aldrei á gamlárskvöld. Upp frá því komst þessi hefð á en þetta er allavega ekki sami jólaandi og hjá Frostrósum og Björgvini Halldórsyni (hlær).

**Verða aldrei þannig jólatónleikar með Bubba?**

Við skulum bara halda okkur fast og segja að maður eigi aldrei að segja aldrei. Hver veit nema að ég verði kominn með englahár, hárkollur og bjöllur í hendi kallandi „hó-hó!“.

**Þessa dagana ert þú að ferðast um landið og og spila. Finnur þú fyrir miklu þakklæti frá landsbyggðinni?**

Já, ég finn samt líka fyrir mínu þakklæti því ég er óendanlega þakklátur að fólk skuli koma á þessa tónleika. Þetta er dálítið erfitt form að vera einn með gítar og mæta í félagsheimilin, þú veist ekkert hvort það mæti tíu manns eða enginn, hvort maður fái laun eða ekki. Þetta er hins vegar gríðarlega mikilvægt fyrir mig því ég byggi alla tilveru mína sem tónlistarmaður á þessu, að fara þorp úr þorpi og syngja fyrir fólkið í landinu, og hef alltaf gert það á ferli mínum. Ég tala nú ekki um á þessum tímum eins og þeir eru núna. Það er svo merkilegt, í þrjátíu og eitthvað ár er ég búinn að fara að spila og seinasti túr sem ég kláraði núna í nóvember er best heppnaði túrin á ferlinum hvað aðsókn varðar en ég veit ekkert hvað er þess valdandi en þetta kom okkur á óvart. En það er óendanlega gaman að koma í kirkjurnar og félagsheimilin og upplifa þessa stemningu þar sem það er áttæð kona og svo 23 ára stelpa með barn sem sefur á gólfinu.

**Þú ert virkur Facebook-notandi. Hvernig stendur á því að þú eigir ekki 5.000 vini? Hvernig notar þú helst Facebook?**

Ég held að bara í þessari viku sé ég með 300-400 beiðni. Ég eyði alveg gríðarlegum fjölda beiðna, af því að ég hef engan áhuga á því að eiga 5.000 vini. Ég fór út af Facebook í eitt ár og svo þegar ég kom til baka voru rúmar 1.000 beiðni. Svo sendir fólk manni skilaboð og skrifar: „Af hverju ertu ekki búinn að samþykka mig, djöfulsins hrokagikkur?“ og ég veit ekki hvað og hvað. Hvað á maður eiginlega að segja? Ég nota Facebook helst fyrir „statusa“, mér finnst gaman að setja eitthvað jákvætt inn. Ég er skriftblindur en ég er óhræddur að skrifa og tjá mig en ég skrifa alltaf upp undir þrjá svoleiðis á dag en fer afar sjaldan út í þungar umræður. Svo fylgist ég auðvitað með börnunum og vinunum, þetta er gott samskiptaform fyrir það.

**Fyrir rúmum fimm árum hélt þú risatónleika í tilefni af fimmtugsafmæli þínu, 06.06.06. Hyggst þú gera eitthvað sérstakt í næstu viku, föstudaginn 11.11.11?**

Ég ætla nú ekki að gera neitt sérstakt en þetta er náttúrulega tilefni hjá einhverjum til að gefa sig. Ef það er einhver lesandi í slíkum hugleiðingum þá hvet ég hann til að drífa í því. Hins vegar á ég alltaf afmælisdag í hverjum mánuði, edrúafmæli, sem er ellefti hvers mánaðar svo ég gæti tekið upp á því að skála í sitrónusóðavatn.

**ÞETTA EÐA HITT**

**Kjósín eða borgin?** Kjósín, borgin er of hörd undir fæti.



**Einn með gítar eða með hljómsveit?** Einn með gítar.

**Bílar eða boxið?** Boxið, það fer betur með þig.



**Ef þú yrðir að velja annaðhvort, hvort myndir þú frekar gefa út plötu með Sinfóníuhljómsveit Íslands eða diskóplötu með Páli Óskari?** Diskóplötu með Páli Óskari, mér finnst hann stórkostlegur listamaður.




SAMSUNG



# Snertu framtíðina!

Samsung Galaxy TAB er kominn í sölu og býður upp á ótakmarkaða möguleika!

Þú getur lesið Morgunblaðið, spilað tölvuleiki, svarað tölvupósti, stjórnað sjónvarpinu, horft á fréttir, skoðað YouTube, spjallað á Skype, uppfært Facebook, tekið myndir, skoðað myndir, lesið bók, fundið uppskriftir, fylgst með sjónvarpsþáttum, hlustað á tónlists, pantað miða í Hörpu, skoðað kortið, athugað veðrið, planlagt fríið, notað sem leiðsögukerfi og margt, margt fleira!



Loksins er kominn spjaldtölva sem opnar fyrir þér heiminn!

Njír tímar með Samsung Galaxy Tab

Endursöluaðilar um allt land

Samsung GALAXY Tab

Brad Pitt hefur leikið í *Seven* og *Seven Years in Tibet* og talað inn á Sinbad: *Legend of the Seven Seas*. Skyldi 7 vera happatalan hans?

## FERILLINN



### Brad Pitt

**Hæð:** 180 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** David Mills í *Seven*.  
**Staðreynd:** Pitt vann meðal annars sem kjúklingur fyrir veitingastaðinn El Pollo Loco til að eiga fyrir leiklistartímum.  
**Eitruð tilvitnun:** Þegar þessum tónleikum lýkur í kvöld hafa 30.000 Afrikubúar látið lífið vegna öfgakenndrar fátæktar. Á sama tíma annað kvöld hafa önnur 30.000 látið lífið. Það er ekkert vit í þessu.

**1963** Fæðist þann 18. desember í Swanee í Oklahoma.

**1987** Leikur kærasta Charlie Wade í sápuóperunni Dallas.

**1991** Eftir að hafa leikið í sjónvarpsþáttum og lítil hlutverk í kvikmyndum öðlast Pitt frama er hann fer með hlutverk í *Thelma & Louise*.

**1992** Leikur í fyrstu stóru mynd sinni, *A River Runs Through It*.

**1994** Leikur í *Interview With the Vampire* og *Legends of the Fall* færir honum hans fyrstu Golden Globe-tilnefningu. Byrjar með Gwyneth Paltrow og þau eru saman til ársins 1997.

**1995** Leikur í kvikmyndinni *Seven* og fyrir *12 Monkeys* hlýtur hann Golden Globe og sína fyrstu tilnefningu til Óskarsins.

**1999** Túlkar Tyler Durden í *Fight Club*.

**2000** Giftist Jennifer Aniston en þau kynntust árið 1998.

**2001** Leikur Rusty Ryan í *Ocean's Eleven*.

**2004** Leikur Achilles í *Troy*. Þegar lítið er á tekjur myndanna sem Pitt hefur leikið í er *Troy* farsælust.

**2005** Leikur á móti núverandi ástkonu sinni, Angelinu Jolie í *Mr. & Mrs. Smith*. Skilnaður Pitt og Aniston er skjalfestur í október þetta ár.

**2006** Framleiðslufyrirtæki Pitt, Plan B Entertainment framleiðir *The Departed* sem er útnefnd besta myndin á Óskarnum.

**2008** Leikur í sinni fyrstu Coen bræðra-mynd, *Burn After Reading* og í *The Curious Case of Benjamin Button*. Tilnefndur til Golden Globe og Óskarsverðlaunanna fyrir þá síðarnefndu.

**2009** Leikur í *Inglourious Basterds*.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

### Moneyball

Moneyball er byggð á ótrúlegri sannri sögu og samnefndri metsölbók eftir Michael Lewis. Billy Beane (Brad Pitt), framkvæmdastjóri hafnaboltaliðsins Oakland A, á við það vandamál að stríða að honum er sniðinn afar þröngur stakkur þegar kemur að því að borga leikmönnum laun. Ef hann ætlar einhverntímann að vinna meistaratitilinn, þá verður Billy að finna leið til að láta liðið hans skara fram úr. Hann

ákveður á synda á móti straumnum og fara gegn öllum hefðum varðandi það hvernig maður byggir upp öflugt íþróttalið. Hann finnur öflugan félagar í utangátta tölfræðiseni (Jonah Hill) og þeir nota tölfræði til að greina og meta hvaða leikmenn velja eigi í liðið. Þannig hefjast þeir handa við að brjóta allar reglur og snúa hafnaboltaheiminum á annan endann.

**Leikstjórn:** Bennett Miller.  
**Aðalhlutverk:** Brad Pitt, Robin Wright, Jonah Hill og Philip Seymour Hoffman.  
**Lengd:** 133 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum aldurshópum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó.

Aðrar frumsýningar: In Time - Blitz - The Inbetweeners Movie

FRUMSÝNDAR FÖSTUDAGINN 4. NÓVEMBER

**f VILTU MIÐA?** Monitor ætlar að gefa miða á Moneyball, fylgstu með... [facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)

## TÖLVULEIKUR

**Uncharted 3: Drake's Deception**

**Tegund:** Hasar- og ævintýraleikur  
**PEGI merking:** 16+  
**Útgefandi:** Sony Computer  
**Dómar:** Gamespot 9 af 10 / IGN 10 af 10 / Eurogamer 9 af 10

### Sparkað í feitt rassgat Indiana Jones

Einhver flottasta persóna tölvuleikjanna í dag er Nathan Drake, en hann er aðalsöguhetja *Uncharted*-leikjanna, en þeir eru eins og Indiana Jones-kvikmynd á stóðhestasterum. Á dögnum kom út þriðji leikurinn í seríunni og þar eru Drake og félagar í sínum harðasta gir til þessa.

Að þessu sinni er Drake og félagi hans Sully að leita að týndri borg sem á að vera full af gulli og gersumum. Á leið sinni hitta þeir félagar fyrir allskyns illmenni sem reyna að stöðva þá með ýmsum ráðum og dáðum. Að uppljóstra frekar um söguþráðinn yrði grimmdarverk af minni hálfu og læt ég það ógert, en ég get látið það flakka að hann er stútfullur af skotbardögum, slagsmálum, drama, húnor, hestum og stórbrotnustu atriðum sem sést hafa í tölvuleik.

*Uncharted 3* spilar svipað og fyrri leikir seríunnar og þurfa leikmenn að taka þátt í skotbardögum sem eru vel útfærðir, en leikurinn inniheldur gott úrval af vopnum og fint „cover-kerfi“. Annar þáttur í spiluninni eru slagsmálin og hafa þau verið gerð mun einfaldari og auðveldari í framkvæmd. Nú geta leikmenn slegist vandræðalaust við marga í einu og notað hluti úr umhverfinu til að ganga frá óvinunum. Líf Drake snýst líka mikið um að klifra út um

allt og virkar það mjög vel í leiknum.

Grafíkin í *Uncharted 3* er með því besta sem sést hefur í tölvuleikjum hingað til og á það við um alla þætti leiksins, en hann inniheldur einhver stórbrotnustu atriði sem sést hafa og þurfa menn að vera vel dofnir til að hrífast ekki með. Varðandi hljóð, þá er tónlist leiksins á pari við það besta sem gerist í tölvuleikjum og kvikmyndum og passar fullkomlega þessu magnaða ævintýri. Ofan á það leggst svo ein besta talsætning sem ég hef orðið vitni að.

Það var kominn tími til að sparka í hið spikfæta rassgat Indiana Jones og það gera Drake og félagar svo um munar með einhverjum stórbrotnustu atriðum og ævintýramennsku sem sést hefur. *Uncharted 3* er svo miklu meira en tölvuleikur, hann er upplifun sem allir tölvuleikja- og kvikmyndaáhugamenn ættu að tékka á.



Ólafur Þór Jónsson



### Norðmenn með'etta

Myndin fjallar um mann sem vinnur á ráðningarskrifstofu en stelur málverkum í hjáverkum. Hann kemst þó í hann krappan þegar hann stelur málverki frá röngum aðila.

Norðmenn sýna það hér enn og aftur að þeir eru á algjörlega réttu leið með kvikmyndagerðina í landinu. Headhunters er virkilega vel gerð spennu-mynd sem gengur upp að öllu leyti. Myndin er gerð eftir bók og

getur það oftast en ekki verið vandamt verk að koma öllu efninu til skila yfir á hvíta tjaldið. En ég gat ekki betur séð að það hafi tekist vel til hér. Hef að vísu ekki lesið bókina en ég varð ekki fyrir vonbrigðum með þessa mynd. Þrátt fyrir að myndin keyri mikið á eltingarleik og spennu þá gleymist aldrei mannlegi þátturinn. Myndin hefur einnig nokkuð skýran boðskap. Karaktersköpunin er virkilega góð sem gerir það að verkum að maður fær samúð með persónunum og eltingarleikurinn verður enn svakalegri. Til að koma svona efni vel til skila þarf einnig öll tæknivinnsla að vera góð en hún er öll til fyrirmyndar hér. Kvikmyndatakan hentar viðfangsefninu mjög vel og hljóðið er í toppklassa. Tónlistin gerir einnig mikið fyrir myndina og á stóran þátt í því að halda tempóinu gangandi. Þeir sem hafa verið að fylgjast með *Game of Thrones* munu fá eitthvað fyrir sinn snúð en einn aðalleikarinn úr þeim þáttum, Nikolaj Coster-Waldau, leikur hér illmennið. Hann er mjög flott illmenni og er skemmtileg andstæða við hinn norska Aksel Hennie. Aksel er ekkert síðri og fær mann virkilega til að finna til með karakternum og öllu því sem hann þarf að ganga í gegnum.

Það þarf svosem ekkert að hafa fleiri orð um þessa mynd. Virkilega góð, skotheld spennu-mynd sem heldur manni í heljargreipum allan tímann. Norðmennirnir eru alveg með þetta.

Kristján Sturla Bjarnason



# Grikkur eða gott mál?

**M**eirihluti manna er trúlega sammála um að það sé gott að fara á gott mannaföt. Líklega finnst flestum líka hin mesta skemmtun fólgin í því að klæða sig upp í búninga annað slag. Að svo mæltu gefur augaleið að það hljóti að vera enn skemmtilegra að splæsa þessu tvennu saman, að fara á gott mannaföt íklæddur búningi.



**U**ngmenn á Íslandi fá ýmis tækifæri til að klæðast búningum upp á gamanið. Hérlendis höldum við öskudaginn hátíðlegan, krakkar frá grunnskóla-aldri upp í menntaskólaaldur mæta á furðufata-eða grímuböll í skólum auk þess sem algengt er að halda afmælisveislur eða annars konar parti þar sem gestgjafinn gefur út að yfir teitinu skuli vera einhvers konar þema sem krefst þess að gestir mæti í búningi. Svo virðist sem fólk nýti einfaldlega hvert fánlegt tækifæri í að klæða sig upp og nýlegasta tækifærið er hrekkjavaka að bandarískum sið.

**S**em fyrr segir þykir það almennt mikil skemmtun að fara í gott búningateiti og því er hrekkjavaka hin finasta viðbót í skemmtanameningu landans. Hin eina og sanna hrekkjavökuhátíð úti í heimi fór fram þann 31. október svo síðastliðin helgi var nýtt hérlendis í það að blása til „Halloween-partía“ úti um allan bæ. Það er ekki laust við að ég hafi orðið dálítið ringlaður, enda finnst mér eins og þessi tíska hafi verið töluvert meira áberandi í ár en til dæmis í fyrra, og ég veit að ég var ekki einn um að álykta svo. Þýðir þetta að hallóvín-hátíðin sé orðin viðurkennd hátíð á Íslandi?



## ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is

**E**kki einungis ruglaði þetta fár helgarinnar mig dálítið í ríminu heldur rifjaði þetta upp fyrir mér liðinn atburð. Fyrir tíu árum vildi svo til á rólegu virku kvöldi að dyrabjöllunni hjá mér var hringt. Í dyrunum blöstu við mér tvær grímuklæddar stelpur sem bunuðu út úr sér línunni „grikk eða gott?“. Mér krossbrá, jafnvel þótt ég hafi kannast vel við „trick or treat“-hefð hrekkjavökunnar. Ég skildi bara ekki hvers vegna þær voru að þessu á Íslandi árið 2001. Ég tjáði mömmu minni erindi stelpnanna en þurfti svo að útskýra fyrir stelpunum að við ættum ekkert nammi, enda bjuggumst við augljóslega ekki við þessari ósk. Ég náði þó rétt að líta ofan í poka stelpnanna og miðað við innihald hans að dæma var enginn nágrannanna undirbúinn heldur. Í pokanum var ekkert nema Mjólkurkeppli og rúsínur.

**Á**n alls efa var nammileiðangur þessara stelpna ekkert einsdæmi í Íslandssögunni, kannski gengu einhverjir krakkar húsa á milli í einhverjum hverfum í Reykjavík síðastliðinn mánudag. Ég leggst ekki á mót íslenskri hrekkjavökustemningu og þykja mér hrekkjavökuteiti sakleysisleg viðbót. Hins vegar stendur mér uggur af þessu vandræðalega milli-bilsástandi og hálfkákí. Fyrir unga krakka sem hafa séð hrekkjavökuhald í amerískum bíómyndum er vafalaust ruglandi að horfa á fulloröna fólkíð þeysast um allar trissur til að fara í hrekkjavökuteiti en geta síðan ekki farið í tilheyrandi nammileiðangur hátíðarinnar. Aftur á mótí verða nammileiðangarnir fyluferðir svo lengi sem óákveðið er hvort taka eigi hrekkjavökuna alla leið hérlendis eður ei.



**A**ð svo mæltu legg ég til að aðhafst verði í málinu. Eflaust eru til málsvarar beggja póla, sumir gætu viljað gera hátíðina opinbera hérlendis sem dægrastyttingu í skammdeginu á meðan öðrum gæti þótt það skjóta skökku við í ljósi þess að hér eigum við öskudaginn fyrir. Ég segi að málið verði lagt fyrir Alþingi. Ekki einungis væri það gott upp á að fá niðurstöðu í málinu, heldur yrði það skemmtiefni að horfa á þingmenn rifast um grímubúningahátíð. Rúsínin í pylsuendanum yrði síðan blaðamannafundurinn ef tillagan um að gera hrekkjavöku að opinberri hátíð hérlendis yrði samþykkt. Þar myndi forseti lýðveldisins að sjálfsögðu skrifa undir lögin með Dorrit sér við hlið, upplædd sem Flintstones-hjónin eða eitthvað ámata.



# STEVE-O

THE ENTIRELY TOO MUCH INFORMATION TOUR

HÁSKÓLABÍÓ 9. NÓVEMBER

KL 21:00

Geggjaði Jackassgrínistinn Steve O mun heimsækja okkur Íslendinga í nóvember og vera með alveg brjálað uppistand í Háskólabíói.

The Entirely Too Much Information Tour er að mestu leyti uppistand, þar sem Steve O fer á kostum með sprenglæglegar sögur sínar.

Þeir sem þekkja Steve O vita að það er ekki langt í Jackassprellið og mun hann skella sér í einhver frábær áhættuatriði á sýningunni.

Steve O hefur ferðast um öll Bandaríkin, Evrópu og eins Ástralíu með sýninguna The Entirely Too Much Information Tour og hefur hún alls staðar slegið í gegn enda frábær skemmtun hér að ferð.

MIÐASALA Á MIDI.IS OG Í BRIM, LAUGAVEGI OG BRIM KRINGLUNNI

**ÍSLANDSMÓTIÐ Í PÓKER**  
Föstudaginn 4. nóvember  
Hótel Örkl. kl. 17.00



## Árshátíð og fjórar millur

„Það kostar 60.000 krónur inn í mótið og við gerum ráð fyrir að það verði um fjórar milljónir fyrir fyrsta sæti. Skráning er í gangi núna á pokersamband.is en allra síðasti séns til að skrá sig til leiks er á föstudaginn klukkan 23.00,“ sagði Steinn Stefánsson skipuleggjandi mótsins sem sökum anna gat ekki klárað viðtalið og gaf boltann yfir á Eirmyju Sveinsdóttur, formann Pókersambands Íslands. „Þetta er stærsti atburður ársins hjá pókerspilurum og eftirvænting er mikil. Þetta er náttúrulega bara ein allsherjar árshátíð sem stendur yfir í þrjá daga. Þá er ég ekki að tala um ölvun eða neitt slíkt, það koma bara allir saman og tala um sama hlutinn. Fólk sem býr í mismunandi landshlutum hittist, gerir það sem þeim finnst skemmtilegt og hefur gaman,“ sagði Eirny glöð í bragði.

# fílófaxið

fimmtudagur **3** nóv laugardagur **5** nóv



**MIÐ-ÍSLAND OG DAG SÖRÁÐS**  
Þjóðleikhúskjallarinn  
20:00 Vegna mikillar eftirspurnar hafa Mið-Ísland-piltar bætt við þessari aukasýningu á uppistandið sitt í Þjóðleikhúskjallarinum. Hinn norskri Dag Sórás er gestauppistandari ásamt Ernu Dis Eiríksdóttur. Miðasala fer fram á midi.is og er miðaverð 2.000 krónur.

**REYKJAVÍK!**  
Bar 11  
21:00 Hljómsveitin Reykjavík! sendi nýverið frá sér plötuna Locust Sounds og hefur hún fengið góðar viðtökur og lög af plötunni hafa notið mikilla vinsælda á X-inu 977 og Rás 2. Það kostar ekkert að bera þessa góðu hljómléikasveit augum.

**FELDBERG OG NÁTTFARI**  
Faktorý  
22:00 Hljómsveitirnar Feldberg og Náttfari ætla að halda saman tónleika á efri hæð Faktorý í tilefni þess að Feldberg leggur senn af stað í tónleikaferðalag um Japan. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**RETRO STEFSON**  
Faktorý  
23:00 Áður en Retro Stefson halda í Evróputónleikaferð ætla þau að troða upp í síðasta sinn í bili hérlendis. Herlegheitin fara fram á Faktorý og settu allir áhugasamir að láta sjá sig því hljómsveitin fór hamförum á Airwaves-hátíðinni og er fyrir löngu orðin þekkt fyrir líflega framkomu á tónleikum. Forsala miða fer fram í Lólu og á Faktorý og er miðaverð 1.000 krónur í forsölu en 1.500 krónur við hurð.

**MAMMÚT**  
Bío Paradís  
19:20 3.-13. nóvember fer fram kvikmyndahátíð Amnesty International, Ósýnileg, í Bío Paradís. Sýndur verður fjöldinn allur af verðlaunamyndum en hljómsveitin Mammút mun spila fyrir sýningu An Independent Mind sem er heimildarmynd um tjáningarfrelsið. Miðaverð er 750 krónur.

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
Borgarleikhúsið  
20:00 Lokasýning Íslenska dansflokksins á verkinu Fullkominn dagur til drauma eftir Anton Lachky. Sýningin hefur fengið mjög góða umfjöllun frá gagnrýnendum sem og góð viðbrögð áhorfenda. Vandað og skemmtilegt dansverk sem fær mann einnig til að hlæja. Miðaverð er 3.800 krónur.

**ERT ÞÚ AÐ GERA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT?**  
monitor@monitor.is



Allt að gerast - alla fimmtudaga!

# LOKAPRÓFIÐ

| 3. nóvember 2011 |

Ég heiti Audunn Blöndal Uppáhaldslag sem ég hef tekið þátt í að gera er

Þú veist hver ég er af því að Ég er búinn að hlakna um vaxun og þessa óþægisdráttum síðustu 10 ár!!

Það sem heillar mig mest við að vera að byrja með útvarpsþátt á FM957 er að geta orðið næsti

a) Svali.  
b) Heiðar Austmann.  
c) Brynjar Már.  
d) Marínó Árna.  
e) þetta er sýnt!

Nöfnin sem komu til greina á nýja útvarpsþáttinum voru

a) Blö-vaktin  
b) Mjallhvít og dvergarnir Blö  
c) Eftirmiðdagsþátturinn Súper  
d) Stöð Blö  
e) Bergsson & Blöndal (fá þá Guðna Bergsson sem meðstjórnanda)  
f) FM 95-Blö  
en \_\_\_\_\_ varð svo fyrir valinu.

Uppáhaldssjónvarpství-eykið mitt er auðvitað

a) Simmi & Jói.  
b) Gunni & Felix.  
c) Þóra & Sigmar.  
d) Auðdi & Sveppi.  
e) Eva María & Ragnhildur Steiunn.  
af því að þetta er besta feril minn að þessu!

Uppáhaldsfrasininn úr eigin smíðju er

a) „Motherfucker in the house of pain“  
b) „Shit bitch on a stick“  
c) „Hvað finnst þér best að fá í pítuna þína“  
d) „Tekinn, tekinn, tekinn“  
e) \_\_\_\_\_  
sem ég sagði þegar hva haha þetta er var heldur þessum í WC = Fatim myndaveit

Ef ég væri ekki Audunn Blöndal væri ég

a) Auðun Helgason, knattspyrnumaður.  
b) Auðunn Jónsson, kraftakarl.  
c) Auður Capital, fjárfestingabanki.  
d) Margrét Blöndal, útvarpskona.  
af því að ég hef minn áhuga á fótþolka og lyftingum.

Það sem fáir vita um mig er auði fátí! Hef verið frekar opin síðustu 10 ár í fjölmörgum!

a) Crazy Bastard.  
b) Sjomleh.  
c) Án þín.  
d) FM 95-Blö

SATT OG ÓSATT

Þétur Jóhann er fyndnasti maður í heiminu.

S  Ó

Ég fíla ekki Sir Alex Ferguson, knattspyrnstjóra Manchester United.

S  Ó

Ég á eftir að sakna þess að fíflast með Sveppa á sjónvarpskjánum.

S  Ó

Ég versla aldrei við Húsasmíðjuna eða Byko, bara Würth

S  Ó

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

[Signature]

Ég er stoltastur af

a) Atvinnumönnunum okkar.  
b) Öllu földu myndaveilunum og stjórnumunum.  
c) Ameríska draumnum.  
d) Frammistöðu minni á hvíta jaldinu.  
e) því að fá að vinna við það að fíflast með félögum mínum.  
f) því að hafa nælt í fegurdar-drottningu.  
g) þetta er fínt þing!

Síðasta sms sem ég fékk var frá \_\_\_\_\_ og í því stóð MÁTIS ÞÍKAN á þessu í kassan á eftir

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa \_\_\_\_\_  
He goes by the name of WAYNE ROONEY

## Síðast en ekki síst

» Logi Geirsson, atvinnumaðurinn, fílar:

**Kvikmynd:** The Hangover er mynd sem hittir svo svakalega í mark að enginn kemst nálægt þessari mynd.

**Þáttur:** Hér verð ég klárlega að nefna Prison Break. Hvernig var hægt að semja svona handrit?

**Bók:** Sjáumst á toppnum eftir Zig Zíglar. Bókin hafði mikil áhrif á mig, hvernig ég hugsaði og gaf mér innblástur. Hugmyndafraeðin er að kenna fólki að hugsa eins og sigurvegarar.

**Plata:** Með Xavier Naidoo og Söhne Mannheims. Besta lag í heimi er „Alles kann besser werden“, allt getur orðið betra.

**Vefsíða:** www.logigeirsson.is er að komast á fullt skrið núna um miðjan nóvember-mánuð. Hún er svona mitt litla fyrirtæki þar sem ég held utan um alla þá þjónustu sem hægt er að nálgast í gegnum mig. Fyrirlestrar, handbolta-skólar, einkaþjálfun og pistlar sem ég skrifa og svo auðvitað þeir sem eiga seðla geta fengið mig til að troða upp á gitarinn.

**Staður:** Mónakó, það er bara eins og ég hafi búið þar í fyrra lífi og góðar minningar.








# Ray-Ban® dagar í Smáralind



**20% AFSLÁTTUR**  
**Í NÓVEMBER**  
af öllum sólgleraugum frá  
**Ray•Ban**

Umboðs- og dreifingaraðili á Íslandi:  
Optical Studio – S. 528 8500

Optical Studio  
SMÁRALIND



**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.